

STJÓRNARTÍÐINDI B 108 – 2002

24. september 2002

1781

Nr. 680

REGLUGERÐ

um breytingu á reglugerð um skoðun ökutækja,
nr. 378 29. júní 1998.

1. gr.

1. gr. breytist þannig:

- a. Við 1. mgr. bætist: ADRskoðun og vegaskoðun.
- b. Á eftir 1. mgr. kemur ný málsgrein er orðist svo:
ADRskoðun: Athugun til að ganga úr skugga um að einstakir hlutar og kerfi ökutækis er varðar búnað til flutnings á hættulegum farmi uppfylli þær kröfur sem gerðar eru í reglum um það efni.
- c. Í stað orðanna „eða skráningarskoðun“ í 6. mgr. komi: skráningarskoðun, ADRskoðun eða vegaskoðun.
- d. Við greinina bætist ný málsgrein er orðist svo:
Vegaskoðun: Athugun til að ganga úr skugga um að ástand ökutækja, sem stöðvuð eru í akstri, uppfylli þær kröfur sem gerðar eru í reglum um það efni. Skoðunin er framkvæmd utan skoðunarstofa.

2. gr.

Fyrirsögn II. kafla verði svohljóðandi: SKOÐUN ÖKUTÆKJA.

3. gr.

2. gr. breytist þannig:

- a. Í stað orðanna „eða skráningarskoðunar“ í 2. mgr. komi: skráningarskoðunar eða ADRskoðunar.
- b. 3. mgr. falli brott.

4. gr.

2. málslíður 9. gr. orðist svo: Sama er ef á ökutæki eru sett skráningarmerki af eldri gerð samkvæmt 35. gr. reglugerðar um skráningu ökutækja, nr. 78/1997, með síðari breytingum.

5. gr.

Á eftir 10. gr. koma tvær nýjar greinar, ásamt fyrirsögnum, er orðist svo, og breytist greinatala samkvæmt því:

ADRskoðun.

(11. gr.)

ADRskoðun. Ökutæki sem óskað er eftir að skráð verði til flutnings á hættulegum farmi skal skoða ADRskoðun, einnig skal ökutæki sem skráð er til flutnings á hættulegum farmi skoða ADRskoðun við aðalskoðun.

Vegaskoðun.

(12. gr.)

Vegaskoðun. Skoðun sem framkvæmd er af skoðunarmanni á vettvangi á ökutæki sem stöðvað hefur verið af lögreglu.

6. gr.

Í stað orðanna „3. mgr. 11. gr.“ í 2. málsl. 12. gr. (er verður 14. gr.) komi: 3. mgr. 13. gr.

7. gr.

Í stað orðanna „2. mgr. 11. gr.“ í 2. málsl. 1. mgr. 15. gr. (er verður 17. gr.) komi: 2. mgr. 13. gr.

8. gr.

17. gr. (er verður 19. gr.) orðist svo:

Við skoðun ökutækis skal skoðunarmaður athuga hvort ökutækið sé rétt skráð og hvort verksmiðjunúmer þess sé í samræmi við skráningarskírteini. Skoðun og dæming ökutækis skal byggjast á ástandi þess hverju sinni.

Vegaskoðun fer að mestu fram sem sjónskoðun, virknisathugun og mæling útblástursmengunar.

9. gr.

4. mgr. 20. gr. (er verður 22. gr.) orðist svo:

Ef ökutæki er fært til endurskoðunar eftir að frestur sem gefinn var við undangengna skoðun eða vegaskoðun er útrunninn skal það skoða á sama hátt og um aðalskoðun væri að ræða.

10. gr.

Í stað orðanna „31. gr.“ í 2. og 3. þankastriki 26. gr. (er verður 28. gr.) komi: 33. gr.

11. gr.

Í stað orðanna „31. gr.“ í 1. og 2. þankastriki 28. gr. (er verður 30. gr.) komi: 33. gr.

12. gr.

1. mgr. 33. gr. (er verður 35. gr.), sbr. reglugerð nr. 35 11. janúar 2002, orðist svo:

Reglugerð þessi er sett samkvæmt 60. og 67. gr. umferðarlaga, nr. 50 30. mars 1987, sbr. lög nr. 44 7. maí 1993, svo og með hliðsjón af 16. a tölul. XIII. viðauka við EES samninginn (tilskipun 96/96/EB með breytingum með tilskipunum 1999/52/EB, 2000/30/EB, 2001/9/EB og 2001/11/EB, sbr. EES-viðbæti við Stjórnartíðindi EB, 41. hefti 1997, bls. 1-19, 57. hefti 2001 bls. 5-12, 11. hefti 2001, bls. 245-248 og 47. hefti 2001, bls. 8).

13. gr.

Á eftir viðauka I komi nýr viðauki, viðauki Ia, sem orðist svo:

Um tækjabúnað vegaskoðunar.

- a. Mengunarmælar samkvæmt c-lið 2. gr. í viðauka I.
- b. Hemlunarklukka sem mælir hemlunarvirkni í akstri.
- c. Handljósaskoðunartæki.

14. gr.

Reglugerð þessi sem sett er samkvæmt 60. og 67. gr. umferðarlaga, nr. 50 30. mars 1987, sbr. lög nr. 44 7. maí 1993, öðlast þegar gildi.

Dóms- og kirkjumálaráðuneytinu, 24. september 2002.

Sólveig Pétursdóttir.*Björn Friðfínsson.*

26. september 2002

Nr. 681

GJALDSKRÁ**Umferðarstofu.**

1. gr.

Eigendaskipti að ökutæki.

Gjöld fyrir eigendaskipti að ökutæki eru eftirfarandi:

	Kr.
Skráning eigendaskipta að ökutæki	2.130,00
Skráning eigendaskipta að ökutæki v/kennitölubreytingar eiganda	1.060,00
Skráning eigendaskipta að ökutæki í eigu varnarliðsmanns	850,00
Skráning meðeiganda að ökutæki	1.060,00
Skráning umráðamanns að ökutæki	1.060,00
Afskráning meðeiganda að ökutæki	1.060,00
Afskráning umráðamanns að ökutæki	500,00
Breyting á röð eigenda að ökutæki	500,00
Riftun eigendaskipta að ökutæki	500,00
Afgreiðslugjald rafrænna viðskipta	100,00
Umferðaröryggisgjald	200,00

2. gr.

Skráning ökutækja.

Gjöld fyrir skráningu ökutækja eru eftirfarandi:

	Kr.
Skráning ökutækis	5.060,00
Endurskráning ökutækis	2.540,00
Breytingaskráning ökutækis	500,00
Leiðrétting nýskráningar	930,00
Breyting á tjónaskráningu	930,00
Skráning ökutækis til flutnings á hættulegum fermi	930,00
Samrit skráningarskírteinis	500,00
Afgreiðslugjald rafrænna viðskipta	100,00
Umferðaröryggisgjald	200,00